

- **Innheimta vörugjalds**
- **Aðild**

Úrskurður nr. 3/1997

Í málinu var deilt um innheimtu vörugjalds af framleiðsluvörum T í kjölfar beiðni ríkisskattstjóra til tollstjóra um að hann tollflokkaði nokkrar vörutegundir fyrirtækisins. Af hálfu ríkistollstjóra var þess krafist að kærinni yrði vísað frá með því að ríkisskattstjóri en ekki T hafði óskað eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun framleiðsluvara fyrirtækisins. Af hálfu T var því haldið fram að varan væri ætluð til lækninga bæði innvortis og útvortis og tollflokkun ætti að vara í samræmi við það. Ríkistollanefnd taldi úrlausn málsins varða T miklu þar sem hann væri framleiðandi þeirra vöru sem í málinu greindi og hafnaði frávísunarkröfu ríkistollstjóra. Hins vegar hafnaði ríkistollanefnd kröfu T þar sem hún taldi ekki hafa verið sýnt fram á lækningagildi þessara vara og staðfesti hið kærða álit tollstjóra.

Lög nr. 55/1987, 101. gr.

Í bréfi, dags. 23. janúar 1997, kærir A f.h. T, álit tollstjórans í V sem fram kemur í „Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru“ frá 27. nóvember 1996.

Kærandi hefur átt í bréfaskiptum við skattyfirvöld vegna innheimtu vörugjalds af framleiðsluvörum fyrirtækisins, en kærandi telur að ekki sé innheimt vörugjald af skyldri framleiðslu samkeppnisaðila hér innanlands. Ríkisskattstjóri fór fram á við tollstjórann í V að hann tollflokkaði 32 vörutegundir fyrirtækisins. Kærandi unni ekki tollflokkun tollstjóra á 17 framleiðsluvörum fyrirtækisins. Hann leggur til að eftirtaldar framleiðsluvörur verði tollflokkaðar í tnr. 3004.9009: B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, L og M. Í tollflokk 3401.2001: þrjár tegundir R og tvær tegundir S.

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra kærana til umsagnar með bréfi, dags. 30. janúar s.l. Í kröfugerð ríkistollstjóra, dags. 10. febrúar 1997, gerir hann þá aðalkröfu að málinu verði vísað frá þar sem kærandi hafi ekki aðildarhæfi að þessu kærumáli þar sem það var ríkisskattstjóri en ekki kærandi sem óskaði eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun á framleiðsluvörum fyrirtækisins. Ríkistollstjóri gerir þá varakröfu að telji ríkistollanefnd skilyrði til að fjalla efnislega um kærana krefjist hann þess að niðurstöður tollstjóra um tollflokkun á 32 framleiðsluvörum T verði staðfest.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Nefndarmenn geta ekki fallist á það með ríkistollstjóra að um sé að ræða aðildarskort af hálfu kæranda í málinu. Málið er til komið eftir kröfu skattstjóra um greiðslu á vörugjaldi af framleiðsluvörum fyrirtækisins T. Úrlausn málsins varðar því kæranda miklu, þar sem hann er framleiðandi þeirrar vöru sem óskað er tollflokunar á. Þegar af þeirri ástæðu getur kærandi, að mati nefndarmanna, verið aðili málsins. Frávísunarkröfu ríkistollstjóra er því hafnað. Deilt er um tollflokkun á 17 tegundum af framleiðsluvörum fyrirtækisins T vegna innheimtu vörugjalds. Um er að ræða krem, smyrsl og sápur. Ekki hafa verið lagðar fyrir nefndina niðurstöður rannsókna er sýna lækningagildi þessara vara, sem deilt er um tollflokkun á. Kærandi heldur því fram að varan sé ætluð til lækninga bæði innvortis og útvortis.

Í fyrstu athugasemd við 30. flokk tollskrár eru taldar upp nokkrar vörutegundir sem ekki teljast til kaflans. Í d. lið segir „Framleiðsla í nr. 3303-3307, þótt hún hafi eiginleika til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum“.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að hið kærða álit tollstjórans í V frá 27. nóvember 1996 um tollflokkun á 32 framleiðsluvörum T skuli standa óbreytt.